

## Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 1996–2008

*Immigrants and persons with foreign background  
1996–2008*

### Samantekt

Innflytjendum og einstaklingum með erlendan bakgrunn hefur fjölgað ört hér á landi undanfarin ár. Hinn 1. janúar 2008 voru innflytjendur á Íslandi 25.265 talsins, eða 8,1% mannfjöldans. Það er mikil aukning frá árinu 1996 þegar innflytjendur voru einungis 2% landsmanna, eða 5.357 talsins. Hlutfall innflytjenda hér á landi er nú álíka hátt og í Noregi og Danmörku. Aftur á móti er hlutfall annarrar kynslóðar innflytjenda mun lægra hér á landi en í þessum löndum. Árið 1996 tilheyrðu einungis 0,1% landsmanna annarri kynslóð innflytjenda en 0,5 árið 2008.

Innflytjendur hér á landi eru flestir á aldrinum 20–39 ára og er hlutfall barna í hópi innflytjenda hér talsvert lægra en í nágrannalöndunum. Annarrar kynslóðar innflytjendur eru langflestir yngri en tíu ára. Þetta atriði er öðru fremur til marks um stutta sögu innflytjenda hér á landi.

Fram undir lok 20. aldarinnar voru langflestir innflytjendur hér á landi frá Norðurlöndum. Innflytjendum frá löndum utan Norðurlanda fjölgaði ört eftir 1990. Árið 1996 voru 30% allra innflytjenda frá Norðurlöndum. Þetta hlutfall hafði lækkað í 7% árið 2008. Á sama tíma fjölgaði innflytjendum frá öðrum löndum Evrópu úr 40% í 68%. Árið 1996 voru langflestir innflytjendur hérlendis frá Danmörku (761). Litlar sem engar breytingar hafa orðið á fjölda þeirra frá þessum tíma og árið 2008 voru danskir innflytjendur hér á landi 752. Innflytjendum frá löndum Austur-Evrópu hefur fjölgað mest hér á landi. Pólverjar eru nú langfjölmennasti hópur innflytjenda á Íslandi. Í upphafi árs 2008 voru þeir 9.082 samanborið við 347 árið 1996.

### Íbúar eftir uppruna – Skilgreiningar og aðferðafræði

Hagstofa Íslands gefur nú í fyrsta skipti út tölur um innflytjendur og einstaklinga með erlendan bakgrunn en stofnunin hefur undanfarin misseri unnið að gerð gagnagrunns sem flokkar íbúa eftir uppruna. Í þessu hefti verður í fyrstu gerð grein fyrir helstu skilgreiningum og fjallað um breytingar á samsetningu mannfjöldans frá árinu 1996 til dagsins í dag. Aftast heftinu eru upplýsingar um heimildir sem notaðar hafa verið við gerð gagnagrunnsins (Gagnagrunnur um uppruna fólks, bls. 13–14) og ítarlegar skilgreiningar er að finna í kaflanum Skýringar (bls. 15–16).

*Fæðingarland eitt og sér ekki  
góður mælikvarði á uppruna  
íbúa*

Til þessa hafa tölur Hagstofunnar um innflytjendur einskorðast við fjölda erlendra ríkisborgara sem búsettir eru hérlendis og fjölda íbúa eftir fæðingarlandi. Þessar tölur segja þó ekki alla söguna. Fæðingarlandið eitt og sér gefur þannig afar ófullkomna mynd af uppruna einstaklinga. Hér á landi er t.a.m. algengt að íslenskir for-



eldrar eignist börn erlendis (einna helst á Norðurlöndum) á meðan þeir eru í námi. Því eru íbúar sem fæddir eru á Norðurlöndum en eiga íslenska foreldra hlutfallslega margir.

*Um 700 manns fá íslenskt ríkisfang á ári hverju*


Líkt og fæðingarland er ríkisfangið ekki góður mælikvarði á uppruna einstaklinga. Þannig teljast þeir einstaklingar sem fengið hafa íslenskt ríkisfang eftir komuna til landsins ekki með í tölum yfir erlenda ríkisborgara. Einstaklingum sem hlotið hafa íslenskt ríkisfang hefur fjölgað mikið á undanförunum árum og frá árinu 2004 hafa um og yfir 700 einstaklingar fengið íslenskt ríkisfang á ári hverju (sjá mynd 1).

*Íbúum með erlent ríkisfang fjölgaði ört frá aldamótunum 2000*

Helsta ástæða þess að Hagstofa Íslands réðst í þá vinnu að útbúa gagnagrunn um uppruna einstaklinga er sú, að upp úr aldamótunum 2000 fjölgaði erlendum einstaklingum afar ört hér á landi. Samhliða þessu jókst eftirspurn eftir tölfræðilegum upplýsingum um þennan hóp. Hlutfall erlendra ríkisborgara hér á landi var lengi


### Mynd 1. Veiting íslensks ríkisfangs 1991–2007

Figure 1. Granting of Icelandic citizenship 1991–2007



### Mynd 2. Erlendir ríkisborgarar á Íslandi 1. janúar 1991–2008

Figure 2. Foreign nationals in Iceland 1. janúar 1991–2008



mun lægra en í nágrannalöndunum. Frá því um miðja 20. öldina og fram undir miðjan 10. áratug aldarinnar voru erlendir ríkisborgarar innan við 2% landsmanna. Frá árinu 1996 til 2006 fjölgaði erlendum ríkisborgurum úr 1,8% í 4,6% og árið 2008 voru 6,8% landsmanna erlendir ríkisborgarar. Mynd 3 sýnir hlutfall erlendra ríkisborgara í nokkrum löndum samanborið við Ísland. Þar má sjá að hlutfall erlendra ríkisborgara á Íslandi hefur farið frá því að vera lægst af löndunum í kringum okkur árið 2005 (3,6%) í það að vera hæst árið 2008 (6,8%).

*Hlutfallslega fáir innflytjendur hafa fengið íslenskt ríkisfang*

Sú staðreynd að erlendir ríkisborgarar hafa undanfarin ár verið hlutfallslega fleiri á Íslandi en í nágrannalöndunum skýrist einkum af því að þessi lönd eiga sér lengri sögu um mikinn fjölda innflytjenda. Því er hlutfall innflytjenda sem öðlast hafa ríkisfang í nýja landinu hærra þar en hér. Af þessum sökum eru annarrar kynslóðar innflytjendur líka mun fleiri í þessum löndum en þeir eru hér á landi. Þetta mismæmi milli Íslands og nágrannalanda sýnir glögggt hversu ónákvæma mynd ríkisfangið eitt og sér gefur af uppruna einstaklinga.

*Skilgreiningar á hugtakinu innflytjandi breytilegar milli hagskýrslustofnana*


Skilgreiningar á hugtakinu innflytjandi eru nokkuð breytilegar milli hagskýrslustofnana og því er samanburður milli landa oft erfiðleikum bundinn. Hafa verður í huga að innflytjendur er langt því frá einsleitir hópur sem býr við líkar aðstæður. Það sem flestar skilgreiningar á hugtakinu innflytjandi geta þó sammælt um, er að um sé að ræða einstaklinga sem flytjast til tiltekins lands. Eins og áður segir er þessi skilgreining vandkvæðum bundin vegna þess að allmargir einstaklingar sem fæddir eru erlendis hafa innlendan bakgrunn, til dæmis ef annað eða hvorugt foreldrið er fætt erlendis. Því hefur ýmist verið gengið út frá að annað eða hvorugt foreldri einstaklingsins hafi erlendan bakgrunn til að hann sé skilgreindur sem innflytjandi.

*Innflytjandi er einstaklingur sem fæddur er erlendis og báðir foreldrar hafa erlendan bakgrunn*

Í tölum Hagstofu Íslands er innflytjandi skilgreindur sem einstaklingur sem fæðist erlendis og á foreldra sem báðir hafa erlendan bakgrunn, þ.e. eru fæddir erlendis og eiga sjálfir foreldra sem fæddir eru erlendis. Hagstofan birtir þó einnig tölur yfir þá einstaklinga sem eiga eitt erlent og eitt íslenskt foreldri og eru þeir flokkaðir sem einstaklingar með erlendan bakgrunn (sjá nánari skilgreiningar á bls. 15).


### Mynd 3. Hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarmannfjölda á Íslandi og fjórum öðrum Evrópulöndum 1. janúar 2005–2008

Figure 3. Foreign nationals in Iceland and four other European countries 2005–2008



**Mynd 4. Erlendir ríkisborgarar, íbúar fæddir erlendis og innflytjendur 1. janúar 1996–2008<sup>1</sup>**

Figure 4. Foreign nationals, individuals born abroad and immigrants 1996–2008



Hugtakið annarrar kynslóðar innflytjandi (hér einnig nefndir afkomendur innflytjenda) hefur verið notað til að skilgreina þann hóp fólks sem fætt er í nýja landinu en þar sem annað eða bæði foreldri eru innflytjendur. Þessir einstaklingar hafa því tengsl bæði við nýja landið og við fæðingarland foreldra sinna. Nauðsynlegt hefur reynst að skilgreina þennan hóp sérstaklega, líkt og sjálfa innflytjendurna, til að mynda til að hægt sé að kanna hvort annarrar kynslóðar innflytjendur búi við sömu tækifæri og jafnaldrar þeirra þar sem báðir foreldrar eru íslenskir.

*Annarrar kynslóðar innflytjandi er einstaklingur sem fæddur er á Íslandi og báðir foreldrar teljast til innflytjenda*

Skilgreining Hagstofunnar á annarrar kynslóðar innflytjendum líkist skilgreiningunni á innflytjendunum sjálfum að því leyti að gert er ráð fyrir að báðir foreldrar þurfi að teljast til innflytjenda til þess að einstaklingur flokkist sem annarrar kynslóðar innflytjandi. Við birtum þó einnig tölur yfir einstaklinga með blandaðan bakgrunn, þar sem annað foreldrið er íslenskt en hitt er innflytjandi. Hafa ber í huga að kynslóðarhugtakið er hér ekki notað í líffræðilegum skilningi. Þannig geta systkini tilheyrst fyrstu og annarri kynslóð innflytjenda. Eldra systkinið sem flyst til nýja landsins með foreldrum skilgreinist sem innflytjandi (líkt og foreldrarir) en yngra systkinið sem fæðist á Íslandi telst til annarrar kynslóðar innflytjenda.

Áður en gerð er grein fyrir fjölgun innflytjenda og annarra hópa með erlendan bakgrunn er rétt að bera saman hlutfall innflytjenda, erlendra ríkisborgara og íbúa sem fæddir eru erlendis. Þetta er gert í mynd 4 sem sýnir glögg tve ólíkar niðurstöður hinir ólíku flokkar gefa. Erlendum ríkisborgurum hefur sem fyrr segir fjölgað úr 1,8% í 6,8% frá árinu 1996 til 2008. Innflytjendum hefur aftur á móti fjölgað úr 2% í 8,1% á sama tímabili. Hlutfall þeirra sem fæddir eru erlendis er hærra en báðar þessar tölur en það stafar sem fyrr segir af því hve mörg börn íslenskra foreldra fæðast erlendis. Árið 1996 voru rúmlega 4% landsmanna fædd erlendis en 2008 var þetta hlutfall nálægt 11%.

<sup>1</sup> Ekki eru til stafrænar skrár fyrir 1. janúar 1996 og 1997. Í öllum töflum og myndum sem hér fara á eftir er því notast við 1. desember 1995 í stað 1. janúar 1996 og 1. desember 1996 í stað 1. janúar 1997..

## Innflytjendur og aðrir hópar með erlendan bakgrunn 1996–2008

Innflytjendum og einstaklingum með erlendan bakgrunn hefur fjölgað ört hér á landi frá árinu 1996. Tafla 1 sýnir að það ár höfðu 95% landsmanna engan erlendan bakgrunn en með því er átt við að hvorugt foreldri einstaklings hefur erlendan bakgrunn (sjá einnig töflu 3). Tíu árum síðar hafði þetta hlutfall lækkað í 90,2% og árið 2008 hafði 87,4% landsmanna engan erlendan bakgrunn. Á þessum tíma hefur íbúum af blönduðum uppruna, þ.e. einstaklingum sem eiga eitt erlent og eitt íslenskt foreldri fjölgað úr 2,8% árið 1996 í 3,8% árið 2006 og 4% árið 2008.

Innflytjendur og afkomendur þeirra (önnur kynslóð innflytjenda) eru nú 8,6% landsmanna samanbúið við einungis 2,1% árið 1996 (tafla 1 og 3 og mynd 5).


**Tafla 1. Íbúar eftir uppruna 1. janúar 1996–2008**

Table 1. Population by origin 1 January 1996–2008

	1996	2001	2006	2008
<b>Alls Total</b>	<b>267.809</b>	<b>283.361</b>	<b>299.891</b>	<b>313.376</b>
<b>Enginn erlendur bakgrunnur No foreign background</b>	<b>95,0</b>	<b>92,9</b>	<b>90,2</b>	<b>87,4</b>
Fædd/ur á Íslandi Born in Iceland	93,7	91,4	88,6	85,7
Fædd/ur erlendis, báðir foreldrar af íslenskum uppruna Born abroad, both parents of Icelandic origin	1,3	1,5	1,6	1,7
<b>Innflytjendur og önnur kynslóð innflytjenda</b>				
<b>Immigrants and 2nd generation immigrants</b>	<b>2,1</b>	<b>3,7</b>	<b>5,9</b>	<b>8,6</b>
Innflytjandi Immigrant	2,0	3,6	5,6	8,1
Önnur kynslóð innflytjenda 2nd generation immigrants	0,1	0,2	0,4	0,5
<b>Annar erlendur bakgrunnur</b>				
<b>Other foreign background</b>	<b>2,8</b>	<b>3,3</b>	<b>3,8</b>	<b>4,0</b>
Fædd/ur á Íslandi, annað foreldri erlent Born in Iceland, one parent born abroad	2,1	2,4	2,8	3,0
Fædd/ur erlendis, annað foreldri erlent Born abroad, one parent born abroad	0,8	0,9	1,0	1,1

**Mynd 5. Innflytjendur og fólk með erlendan bakgrunn 1. jan. 1996–2008**

Figure 5. Immigrants and persons with foreign background 1 January 1996–2008




Ljóst er að fjölgunin hefur einkum orðið meðal innflytjendanna sjálfra en þeir voru 2% landsmanna árið 1996 en 8,1% árið 2008. Önnur kynslóð innflytjenda er hins vegar enn mjög fámenn hér á landi, einungis 0,5% landsmanna tilheyrðu annarri kynslóð innflytjenda árið 2008. Árið 1996 var þetta hlutfall þó enn lægra (0,1%).

Ef litið er á skiptingu innflytjenda eftir kyni kemur í ljós talsvert mikil breyting frá árinu 1996. Í fréttum og öðrum birtingum á vegum Hagstofunnar undanfarin misseri hefur ítrekað verið bent á hve körlum hefur fjölgað í hópi þeirra sem flust hafa til landsins. Allt til ársins 2004 voru konur sem fluttust til landsins fleiri en karlar. Aukin umsvif í byggingariðnaði og í stóriðju- og virkjanaframkvæmdum leiddu til þess að frá og með árinu 2004 fluttust hingað mun fleiri erlendir karlar en konur. Munur milli kynjanna í flutningum til landsins var mestur árið 2006 en það ár fluttu 2,7 sinnum fleiri erlendir karlar en konur til Íslands.


### Mynd 6. Innflytjendur og afkomendur þeirra 1. janúar 1996–2008

Figure 6. First and second generation immigrants 1 January 1996–2008



### Mynd 7. Innflytjendur og afkomendur þeirra 1. janúar 2008 á Íslandi, í Danmörku, Hollandi og Noregi

Figure 7. First and second generation immigrants 1 January 2008 in Iceland, Denmark, the Netherlands and in Norway



Hin mikla breyting á hlut kynjanna í flutningum til landsins kemur glöggt fram í mynd 6 sem sýnir hlutfall innflytjenda og afkomenda þeirra eftir kyni árin 1996, 2001, 2006 og 2008 (sjá einnig töflur 3 og 4). Árin 1996 og 2001 voru konur talsvert fleiri en karlar í hópi innflytjenda. Árið 1996 voru 2,5% kvenna á Íslandi innflytjendur en einungis 1,5% karla. Árið 2001 hafði konum fjölgað í 4,1% og körlum í 3,1%. Hinn 1. janúar 2006 voru konur og karlar í hópi innflytjenda hins vegar álíka mörg, 5,7% karla tilheyrðu hópi innflytjenda en 5,5% kvenna. Í upphafi árs 2008 voru 8,9% karla innflytjendur en 7,2% kvenna. Enginn munur er á hlut kynjanna meðal annarrar kynslóðar innflytjenda (sjá töflur 3 og 5).

Annarrar kynslóðar innflytjendur  
fáir hér á landi

Þótt innflytjendum og afkomendum þeirra hafi fjölgað mikið hér á landi undanfarinn áratug er samanlagður fjöldi þeirra hlutfallslega minni en í flestum nálægum löndum. Þetta stafar öðru fremur af því að hér eru áberandi færri annarrar kynslóðar innflytjendur en í nágrannalöndunum. Mynd 7 sýnir innflytjendur og annarrar kynslóðar innflytjendur á Íslandi, Danmörku,<sup>1</sup> Hollandi<sup>2</sup> og Noregi<sup>3</sup> hinn 1. janúar 2008. Ef einungis er litið til innflytjendanna sjálfra eru hlutfallið hér nú álíka hátt og í Noregi (um 8%) en heldur hærra en í Danmörku (7%) (sjá einnig töflu 2). Í Hollandi er hlutfallið mun hærra, nærri 10% (sjá einnig töflu 2). Hlutfall annarrar kynslóðar innflytjenda er mun hærra í öllum þessum löndum en hér á landi. Holland á sér langa sögu um mikinn fjölda innflytjenda og er hlutfall annarrar kynslóðar innflytjenda nú rúmlega 4%. Í Noregi og Danmörku er þetta hlutfall um 2% en hér einungis 0,5%.

**Tafla 2. Uppruni íbúa í fjórum löndum 1. janúar 2008**

Table 2. Origin of the population in four countries 1 January 2008

Hlutfall	Percent	Danmörk Denmark	Holland Netherlands	Ísland Iceland	Noregur Norway
<b>Enginn erlendur bakgrunnur</b>					
<b>No foreign background</b>					
Fædd í heimalandinu					
<i>Born in their home country</i>					
		90,9	80,4	85,7	84,9
Fædd erlendis <i>Born abroad</i>					
		...	...	1,7	0,8
<b>Erlendur bakgrunnur</b>					
<b>Foreign background</b>					
<b>Innflytjendur og afkomendur þeirra</b>					
<b>First and second generation immigrants</b>					
<i>Innflytjendur Immigrants</i>					
		6,9	9,9	8,1	8,0
<i>Annarrar kynslóðar innflytjendur</i>					
<i>Second generation immigrants</i>					
		2,2	4,1	0,5	1,7
<b>Annar erlendur bakgrunnur</b>					
<b>Other foreign background</b>					
Fædd/ur erlendis, annað foreldri erlent					
<i>Born abroad, one parent born abroad</i>					
		...	...	1,1	0,6
Fæddur innanlands, annað foreldri erlent					
<i>Born in home country, one parent born abroad</i>					
		...	5,6	3,0	4,1

<sup>1</sup> Sjá vef dönsku hagstofunnar: <http://www.dst.dk/>.

<sup>2</sup> Sjá vef hollensku hagstofunnar: [www.cbs.nl](http://www.cbs.nl).

<sup>3</sup> Sjá vef norsku hagstofunnar: <http://www.ssb.no>.


Lágt hlutfall annarrar kynslóðar innflytjenda hér á landi er öðru fremur til vitnis um stutta sögu innflytjenda. Þetta lága hlutfall bendir þó einnig til þess að allhált hlutfall útlendinga sem hingað hafa sótt á undanförunum árum hafa fyrst og fremst komið hingað í atvinnuleit. Fjölskyldufólk er þannig fremur fámennt í hópi þess fólks sem flust hefur til landsins á allra síðustu árum. Hið skakka kynjahlutfall er einnig til vitnis um þetta atriði.

*Fá börn í hópi innflytjenda hér á landi*

Eins og áður sagði er ekki löng saga um mikinn fjölda innflytjenda hér á landi. Þetta endurspeglast ekki síst í aldursskiptingu hópsins. Eins og sjá má á mynd 8 eru langflestir innflytjendur á þrítugs og fertugsaldri. Annarrar kynslóðar innflytjendur eru aftur á móti langflestir undir tíu ára aldri. Árið 2008 voru 77,9% allra annarrar kynslóðar innflytjenda yngri en 10 ára. Af innflytjendunum sjálfum eru einungis 3,1% á þessum aldri.


**Mynd 8. Innflytjendur og afkomendur þeirra eftir kyni og aldri 1. jan. 2008**

Figure 8. First and second generation immigrants by sex and age 1 January 2008



**Mynd 9. Einstaklingar með erlendan bakgrunn og Íslendingar fæddir erlendis eftir aldri 1. janúar 2008**


Figure 9. Persons with foreign background and Icelanders born abroad by age 2008





**Mynd 10. Íbúar á Íslandi og Noregi með erlendan bakgrunn og íbúar fæddir erlendis með engan erlendan bakgrunn 1. janúar 2008**

Figure 10. Persons in Iceland and Norway with foreign background and persons born abroad with no foreign background 1 January 2008



Mynd 9 sýnir að fólk með annan erlendan bakgrunn, þ.e. þar sem annað foreldri er innflytjandi er líka að jafnaði nokkuð ungt. Þar er aldursdreifing þó jafnari en meðal innflytjenda og afkomenda þeirra. Í þessu samhengi er vert að benda á þá staðreynd að upplýsingar Hagstofunnar um blandaðan bakgrunn fólks yfir fertugu eru brotkenndari en meðal yngstu kynslóðarinnar.

Það er ekki síst í aldursdreifingu innflytjenda og afkomenda þeirra sem munurinn á Íslandi og öðrum löndum kemur glögglega í ljós. Í nágrennalöndunum eru nær undantekningalaust mun fleiri einstaklingar af annarri og þriðju kynsöð innflytjenda en hér. Hér á landi er fólk af annarri kynslóð innflytjenda bæði fátt og ungt. Hugtakið þriðju kynslóðar innflytjandi, sem notað hefur verið í samfélagslegum rannsóknum erlendis, er því nær óþekkt hér á landi. Er þar átt við einstakling sem á foreldra sem báðir teljast til annarrar kynslóðar innflytjenda.

*Íbúar af blönduðum uppruna fremur margir hér á landi*

Þótt hópur annarrar kynslóðar innflytjenda sé jafn fámennur hér á landi og raun ber vitni er bakgrunnur landsmanna fjölbreyttari en ætla mætti. Í þessu sambandi má geta þess að einstaklingar af blönduðum uppruna eru hlutfallslega litlu færri hér á landi en í Noregi. Í Noregi er 4,1% landsmanna fæddir erlendis og eiga eitt erlent og eitt innlent foreldri en hér er þetta hlutfall 3%. Auk þessara einstaklinga eru 0,6% íbúa í Noregi og 1,1% íbúa á Íslandi fæddir erlendis og eiga eitt foreldri sem er innflytjandi (sjá töflu 2 og mynd 10). Annar hópur sem er sýnu fjölmennari hér en í nágrennalöndunum eru einstaklingar sem fæddust í útlöndum en hafa engan erlendan bakgrunn. Þetta á við um 1,7% íbúa hér á landi en einungis 0,8% í Noregi. Í tilviki Íslands eru langflestir þessara einstaklinga fæddir á Norðurlöndum.

*Helmingur íbúa sem fæddir eru á Norðurlöndum hafa engan erlendan bakgrunn*


Myndir 11 og 12 sýna bakgrunn íbúa sem fæddir eru á Norðurlöndum og í öðrum löndum utan Íslands. Mynd 11 sýnir að nær helmingur íbúa (49,2%) sem fæddir eru á Norðurlöndum hafa engan erlendan bakgrunn, báðir foreldrar þessara einstaklinga eru fæddir á Íslandi og hafa íslenskan bakgrunn. Árið 1996 var þetta hlutfall 45,5% en 49,2% árið 2008. Af íbúum sem fæddir eru á Norðurlöndum teljast nú einungis 28,1% til innflytjenda. Þetta hlutfall hefur lækkað frá árinu 1996

en þá var það 34,1%. Á sama tíma hefur þeim einstaklingum sem fæddir eru á Norðurlöndum og eiga eitt erlent og eitt íslenskt foreldri fjölgað úr 20,3% í 22,3%.

Ef lítið er til bakgrunns einstaklinga sem fæddir eru utan Norðurlanda blasir við allt önnur mynd. Af þeim eru 85,3% innflytjendur, 7,1% af blönduðum uppruna og 7,6% hafa engan erlendan bakgrunn (mynd 12). Innflytjendum hefur fjölgað hlutfallslega í þessum hópi en hlutfallið var 60,7% árið 1996.


### Mynd 11. Bakgrunnur íbúa sem fæddir eru á Norðurlöndum 1996–2008

Figure 11. Background of persons born in the Nordic countries 1996–2008



### Mynd 12. Bakgrunnur íbúa sem fæddir eru erl., utan Norðurlanda 1996–2008

Figure 12. Background of persons born outside the Nordic countries 1996–2008




## Þjóðaruppruni innflytjenda á Íslandi

Langflestir innflytjendur frá Evrópu

Framan af síðustu öld og allt fram á tíunda áratuginn kom stór hluti innflytjenda á Íslandi frá hinum Norðurlöndunum. Mynd 13 sýnir að hverfandi fáir einstaklingar sem búsettir voru hér á landi árið 1930 voru fæddir utan Norðurlanda.<sup>1</sup> Á árunum eftir seinna stríð komu hingað til lands nokkur hundruð Þjóðverjar og sér þess glöggt stað á mynd 13 en manntalsárin 1950 og 1960 voru tæp 0,4% landsmanna fædd í Þýskalandi samanborið við 0,1% árið 1930. Eftir uppreisnina í Ungverjalandi 1956 var tekið á móti rúmlega 50 flóttamönnum þaðan og þremur árum síðar komu hingað 32 flóttamenn frá Júgóslavíu. Næsti stóri hópur flóttamanna kom frá Víetnam árið 1979 en þaðan hafa komið tæplega 100 flóttamenn.<sup>2</sup>


### Mynd 13. Fæðingarlönd landsmanna fæddra erlendis 1930, 1950 og 1960

Figure 13. Country of birth of Iceland's population born abroad 1930, 1950 and 1960



### Mynd 14. Fæðingarlönd innflytjenda 1. janúar 1996

Figure 14. Immigrants by country of birth 1 January 1996




<sup>1</sup> Hér verður að hafa í huga að í þessum tölum eru einnig Íslendingar sem fæddir voru á Norðurlöndum.

<sup>2</sup> Sjá vef Rauða krossins. <http://redcross.is/>

### Mynd 15. Fæðingarlönd innflytjenda 1. janúar 2008

Figure 15. Immigrants by country of birth 1 January 2008



*Innflytjendur frá Norðurlöndum fjölmennastir fram undir lok 20. aldarinnar*

Þótt innflytjendum frá öðrum löndum en Norðurlöndum hafi fjölgað nokkuð hér á landi á undanförunum þremur áratugum voru innflytjendur frá Norðurlöndum fjölmennastir allra innflytjenda fram undir miðjan 10. áratug síðustu aldar. Um miðbik 9. áratugarins komu nær 45% allra erlendra ríkisborgara sem fluttust til landsins frá Norðurlöndunum. Talsvert miklar breytingar hafa svo orðið á samsetningu innflytjendahópsins hin síðari ár. Eins og sjá má á myndum 14 og 15 var tæpur þriðjungur innflytjenda árið 1996 frá Norðurlöndunum en einungis 7% árið 2008. Á sama tíma hefur innflytjendum frá öðrum Evrópulöndum en Norðurlöndunum fjölgað úr 40% allra innflytjenda árið 1996 í tæp 70% í byrjun árs 2008. Þetta má vafalaust rekja til reglna um frjálsan flutning fólks innan Evrópu. Hlutfall flestra annarra heimsálfa hefur staðið í stað, að Ameríku undanskilinni en hlutfall innflytjenda þaðan hefur lækkað lítið eitt, úr 11% í 6%.

*Innflytjendur frá Póllandi nú fjölmennastir innflytjenda hér á landi*

Ef lítið er á einstök lönd (sjá töflu 8) má sjá að innflytjendum frá Svíþjóð og Finnlandi hefur fjölgað á meðan innflytjendum frá Danmörku hefur fækkað lítillega á tímabilinu 1996–2008. Samtals voru innflytjendur frá Norðurlöndum 1.618 árið 1996 en árið 2008 hafði þeim fjölgað í 1.834. Af öðrum Evrópulöndum hefur innflytjendum frá Póllandi, Litháen, Portúgal og ríkjum fyrrum Júgóslavíu fjölgað mest á tímabilinu (úr 562 í 12.363). Af þessum eru Pólverjar langfjölmennastir, þeir voru 347 árið 1996 en 9.082 árið 2008. Af löndum Asíu hefur innflytjendum frá Filippseyjum og Taílandi fjölgað mest (úr 429 samtals í 2.089).

## Gagnagrunnur um uppruna fólks – uppbygging og helstu heimildir

*Upplýsinga aflað um fæðingarland og bakgrunn foreldra þar sem þess er kostur*

Til þess að unnt væri með óyggjandi hætti að flokka einstaklinga eftir erlendum bakgrunni þeirra var nauðsynlegt að afla vitneskju um fæðingarland og bakgrunn foreldra þeirra. Það gefur auga leið að slíkt er oft á tíðum örðugt einkum þar sem fyrsta kynslóð innflytjenda á í hlut. Í innlendum stafrænum skráum eru ekki til upplýsingar um foreldra einstaklinga sem flytjast hingað á fullorðinsárum.

*Nýskráning útlendinga í breytingaskrá þjóðskrár örugg heimild um innflytjendur frá árinu 1986*

Flytjist einstaklingur sem fæddur er erlendis og hefur erlent ríkisfang til landsins á fullorðinsárum er gengið út frá því að um sé að ræða innflytjanda (þar sem báðir foreldrar eru erlendir). Nokkuð örugg víska er um slíkt fyrir einstaklinga sem fluttu til landsins eftir 1986 en það er upphafsár breytingaskrár þjóðskrár.<sup>1</sup> Í breytingaskrá er gerður greinarmunur á nýskráningu útlendinga sem koma hingað og flutningi einstaklings til landsins sem áður hefur verið búsettur hér. Þótt ganga megi út frá því að einstaklingar sem fá nýskráningu í íbúaskrá þjóðskrár séu í reynd innflytjendur er ekki víska um uppruna þeirra að öðru leyti en því að fæðingarland þeirra og ríkisfang er skráð í íbúaskrá. Ekki er sem sagt óyggjandi víska um uppruna foreldra þeirra.

*Upplýsinga aflað um fæðingarland og bakgrunn foreldra þar sem innflytjendur á barnaldri eiga í hlut*

Um börn af erlendum uppruna sem koma til landsins er alla jafna nokkuð örugg vitneskja um foreldra. Í flutningsfærslu í breytingaskrá þjóðskrár (frá og með árinu 1986) er getið um fjölskyldunúmer barna en slíkt gefur nokkuð ótvíræðar vísendingar um foreldra þeirra.

*Íbúaskrár frá og með árinu 1978 og manntalið 1981 heimildir um innflytjendur og börn þeirra*

Þá eru einnig til stafrænar íbúaskrár frá árinu 1978 og til dagsins í dag og má þar með sama hætti finna upplýsingar um foreldra einstaklinga á grundvelli fjölskyldunúmers. Upplýsingar um foreldratengsl var einnig að finna í manntali frá 1981 en þar eru skráð tengsl einstaklinga innan heimilis. Þar er þó ekki hægt að sjá foreldratengsl ef börn og foreldrar búa ekki á sama heimili.

*Veiting íslensks ríkisfangs ekki óyggjandi heimild um að einstaklingur hafi erlendan bakgrunn*

Annar heimildaflokkur um innflytjendur og afkomendur þeirra eru heimildir um veitingu íslensks ríkisfangs. Hér er fyrst og fremst um að ræða C-deild Stjórnartíðinda, ríkisfangsbréf einstaklinga og breytingaskrá þjóðskrár. Áður en gerð er grein fyrir þessum heimildum er rétt að staldra við. Einstaklingur sem fær íslenskt ríkisfang hefur ekki í öllum tilvikum innflytjendabakgrunn. Hér ber fyrst að nefna Íslendinga sem taka aftur upp íslenskt ríkisfang eftir að hafa misst það. Meðal þessara einstaklinga eru íslenskar konur sem giftust erlendum ríkisborgurum. Sú hefð að konur tækju ríkisfang eiginmanns var sterk og raunar gerðu lög allt til ársins 1952 ráð fyrir að konur sem giftust erlendum ríkisborgurum og fluttu af landi brott ættu að afsala sér íslensku ríkisfangi.<sup>2</sup>

Börn úr blönduðum hjónaböndum er annar flokkur sem ástæða er til að fjalla sérstaklega um. Líkt og eldri lög, gerðu löggin frá 1952 upphaflega<sup>3</sup> ráð fyrir að hjónabandsbörn hlytu ríkisfang föður við fæðingu. Það var ekki fyrr en með breytingu á þessum lögum árið 1982 að börn úr blönduðum hjónaböndum tóku ríkisfang bæði

<sup>1</sup> Breytingaskrá er stafræn sívinnsluskýrá hjá þjóðskrá. Í hana eru jafnóðum færðar upplýsingar um ýmis atriði, t.d. fæðingar, dauðsföll, flutninga og ríkisfangsbreytingar.

<sup>2</sup> Sjá 8. gr. laga nr. 33/1926 um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa. Þetta ákvæði er ekki í lögum nr. 100/1952 um íslenskan ríkisborgararétt.

<sup>3</sup> Sjá lög um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952 (1. gr.). [Stjórnartíðindi A-deild 1952, bls. 187]. Sjá einnig lög nr. 21/1919 um íslenskan ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa (1. gr.).

móður og föður og væru þannig skráð með íslenskt ríkisfang í íbúaskrá þjóðskrár.<sup>1</sup> Lagabreytingin árið 1982 gerði ráð fyrir að börn sem þannig hafði verið háttað um og voru fædd eftir 1. júlí 1964 ættu rétt á tvöföldu ríkisfangi. Allmargir einstaklingar sem fengu íslenskt ríkisfang á árunum eftir 1982 tilheyra þessum hópi og teljast ekki til innflytjenda (hvorki fyrstu né annarrar kynslóðar) heldur til einstaklinga með blandaðan bakgrunn.

*Veiting íslensks ríkisfangs í breytingaskrá þjóðskrár, stjórnartíðindum og skv. ríkisfangsbréfum*

Af ofansögðu má ljóst vera að þótt heimildir um veitingu íslensks ríkisfangs séu mikilvægar heimildir um innflytjendur, aðra kynslóð innflytjenda og aðra einstaklinga með erlendan bakgrunn er nauðsynlegt að kanna þessar heimildir rækilega til þess að ganga úr skugga um það hvaða flokki einstaklingar tilheyra. Besta heimild um veitingu íslensks ríkisfangs er breytingaskrá þjóðskrár en sem fyrr segir nær hún aftur til 1986. Fyrir þann tíma voru upplýsingar um veitingu íslensks ríkisfangs alla jafna að finna í B-deild Stjórnartíðininda en á þeim tíma heyrði til undantekninga að einstaklingar fengju íslenskt ríkisfang öðru vísi en með lögum frá alþingi (og væru þannig bókfærðir í Stjórnartíðindi). Upplýsingar um ríkisfangsbreytingar í Stjórnartíðindum ná aftur til ársins 1920 og hafa þær verið hagnýttar við gerð gagnagrunnsins um innflytjendur.

Upplýsingarnar í Stjórnartíðindum veita þó ekki tæmandi upplýsingar um ríkisfangsbreytingar en eiginkonur og börn eru alla jafna ekki tilgreind sérstaklega þegar heilum fjölskyldum var veitt íslenskt ríkisfang. Ríkisfangsbréf eru betri heimild um þessa hópa en afrit þeirra er varðveitt hjá þjóðskrá aftur til ársins 1952 og hafa upplýsingar úr þeim verið færðar inn í gagnagrunn hjá Hagstofunni. Skjalasafn alþingis varðveitir upplýsingar um ríkisfangsbreytingar fyrir tímabilið fyrir 1952 en þær upplýsingar hafa til þessa ekki verið hagnýttar við vinnu á gagnagrunni um innflytjendur.

*Fæðingarskýrslur sem heimild um aðra kynslóð innflytjenda*

Það gefur auga leið að ein besta heimild um aðra kynslóð innflytjenda er að finna í fæðingarskýrslum en þar eru upplýsingar um foreldra barna. Hagstofan hefur stafrænar skrár yfir fæðingar aftur til ársins 1982 og veita þær upplýsingar um annarrar kynslóðar innflytjendur og einstaklinga sem fæddir eru hér á landi en eiga eitt erlent foreldri. Leitað hefur verið í frumrit fæðingarskýrslna til þess að ganga úr skugga um uppruna einstaklinga t.a.m. um þá einstaklinga sem einhvern tíma höfðu erlent ríkisfang. Í sumum tilvikum hefur Íslendingabók verið nýtt til þess að afla upplýsinga um foreldra þeirra einstaklinga sem fæddir voru hér á landi en höfðu á einhverjum tímabili erlent ríkisfang.

Af ofansögðu má ljóst vera að því eldri sem heimildirnar eru þeim mun brotakennari reynast upplýsingarnar vera. Um innflytjendurna sjálfa (þ.e. þá einstaklinga sem fæddir eru erlendis) eru upplýsingar nokkuð óbyggjandi. Hagstofan hefur þannig gengið úr skugga um bakgrunn allra einstaklinga sem fæddir eru erlendis. Meiri óvissa ríkir aftur á móti um annarrar kynslóðar innflytjendur og einstaklinga með erlendan bakgrunn sem fæddir eru á Íslandi. Á grundvelli stafræna skráa hefur þó mátt staðfesta uppruna einstaklinga sem fæddir eru eftir 1962. Nokkuð öruggt má hins vegar telja að annarrar kynslóðar innflytjendur og aðrir einstaklingar af blönduðum uppruna sem fæddir eru fyrir þann tíma séu vantaldir. Hagstofan hefur gengið út frá því að einstaklingar sem eru fæddir á Íslandi fyrir þann tíma (1962), og hafa ekki fengið ríkisfangsbreytingu, hafi engan erlendan bakgrunn.

<sup>1</sup> Lög nr. 49/1982 um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgarétt nr. 100/1952 (1. gr.).

## Uppruni íbúa – Skýringar

*Aðferðafræði við flokkun einstaklinga eftir uppruna*

Við flokkun einstaklinga eftir uppruna notast Hagstofa Íslands við sambærilega aðferð og notuð hefur verið hjá hagstofunni í Noregi. Flokkun grundvallast á fæðingarlandi viðkomandi og fæðingarlandi og uppruna foreldra. Allir landsmenn fá þriggja stafa kóða. Fyrsti stafur í kóða segir til um fæðingarland einstaklingsins sjálfs (0=fæddur á Íslandi, 1=fæddur erlendis). Annar stafur í kóða stendur fyrir fæðingarland foreldra (0=báðir foreldrar fæddir á Íslandi, 1=annað foreldri fætt erlendis, 2=báðir foreldrar fæddir erlendis). Þriðji stafurinn stendur svo fyrir fæðingarland afa og ömmu (0=afar og ömmur öll fædd á Íslandi, 1=ein amma eða einn afi fædd erlendis, 2= tveir afar, tvær ömmur eða einn afi og ein amma fædd erlendis, 3=tvær ömmur og einn afi eða tveir afar og ein amma fædd erlendis, 4=báðir afar og báðar ömmur fædd erlendis). Einstaklingur sem hefur engar rætur í útlöndum myndi þannig flokkast sem 000 en innflytjandi sem 124. Heildarfjöldi mögulegra samsetninga í safninu eru 30. Skilgreindir eru sex grunnflokkar. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir þessum grunnflokkum og því hvaða kóðasamsetningar falla í hvern grunnflokk. Þótt þetta flokkunarkerfi grundvallist á þremur kynslóðum er ekki vissa um afa og ömmur nema fyrir fremur litlum hluta safnsins. Kóðar allmargra einstaklinga byggja því á líkum (sjá nánari umfjöllun á bls. 14).

### Enginn erlendur bakgrunnur

*Grunnkóði: 000. Aðrir kóðar: 001, 002, 003, 004, 010, 020.*

Eins og nafnið gefur til kynna er hér um að ræða einstaklinga sem eiga sér ekki rætur í útlöndum. Stærstur hluti þessa hóps eru einstaklingar sem fæddir eru hérlendis og eiga foreldra sem báðir eru fæddir hér á landi og hafa engan erlendan bakgrunn. Afar og ömmur einstaklingsins eru þannig einnig fædd á Íslandi. Með þessum einstaklingum eru þó einnig flokkaðir einstaklingar sem eiga afa eða ömmur sem fædd eru í útlöndum svo fremi sem foreldrarnir séu fæddir hérlendis (001, 002, 003, 004). Annar hópur sem lendir í þessum flokki eru einstaklingar sem eiga eitt eða tvö foreldri sem fædd eru erlendis en þar sem báðir foreldrar eiga sjálfir foreldra sem fæddir eru hérlendis (010, 020).

### Enginn erlendur bakgrunnur en fædd/ur erlendis

*Grunnkóði: 100. Aðrir kóðar: 101, 102, 103, 104, 110*

Hér er um að ræða einstaklinga sem fæddir eru erlendis en eiga foreldra sem báðir eru fæddir á Íslandi og hafa ekki erlendan bagrunn. Með þessum einstaklingum eru þó einnig flokkaðir einstaklingar sem eiga afa eða ömmur sem fædd eru í útlöndum svo fremi sem foreldrarnir séu fæddir hérlendis (101, 102, 103, 104). Annar hópur sem lendir í þessum flokki eru einstaklingar sem eiga eitt foreldri sem fætt er erlendis en hefur ekki sjálft erlendan bakgrunn (110). Með þessum einstaklingum flokkast einnig þeir sem eru frumættleiddir frá útlöndum af íslenskum foreldrum (Kóðar: 100, 101, 102, 103, 104, 110).

### Innflytjandi

*Grunnkóði: 124*

Með innflytjanda er átt við einstakling sem fæddur er erlendis og hverra foreldrar eru báðir fæddir erlendis og hafa erlendan bakgrunn. Báðir afar og báðar ömmur eru þannig fædd erlendis.

### **Önnur kynslóð innflytjenda – Afkomendur innflytjenda**

*Grunnkóði: 024*

Önnur kynslóð innflytjenda eru einstaklingar sem fæddir eru hér á landi en eiga foreldra sem báðir eru fæddir eru erlendis auk þess sem afar og ömmur einstaklingsins eru fæddir erlendis.

### **Erlendur bakgrunnur. Fædd/ur erlendis og annað foreldri erlent**

*Grunnkóði: 112. Aðrir kóðar:  
111, 113, 114, 120, 121, 122,  
123*

Einstaklingur er fæddur erlendis. Annað foreldri fædd erlendis og að minnsta kosti einn afi eða ein amma fædd erlendis. Hér flokkast þó einnig einstaklingar þar sem báðir foreldrar eru fæddir erlendis svo fremi sem að minnsta kosti einn afi eða amma eru fædd á Íslandi (Undirkóðar: 111, 113, 114, 120, 121, 122, 123).

### **Erlendur bakgrunnur. Fædd/ur á Íslandi og annað foreldri erlent**

*Grunnkóði: 012. Aðrir kóðar:  
011, 013, 014, 021, 022, 023*

Einstaklingur og annað foreldrið eru fædd á Íslandi. Að minnsta kosti einn afi eða ein amma eru fædd erlendis. Hér flokkast þó einnig einstaklingar þar sem báðir foreldrar eru fæddir erlendis svo fremi sem að minnsta kosti einn afi eða amma eru fædd á Íslandi (Kóðar: 012, 011, 013, 014, 021, 022, 023).



## English summary

According to our definition an immigrant is a person born abroad with two foreign born parents and four foreign born grandparents. Second generation immigrants are persons born in Iceland with two immigrant parents.

Iceland has experienced strong growth in immigrant population since 1996. In 1996 immigrants were 5,357 (1.8% of the total population) compared with 25,265 (8%) in 2008. Second generation immigrants were 345 in 1996 and 1,558 in 2008. The share of immigrants in Iceland is now comparable to other Nordic countries. On the other hand second generation immigrants are both fewer and younger than in other European countries. Thus, more than three fourths of second generation immigrants are below the age of ten. Most immigrants in Iceland are in working ages. Children and elderly persons are few. Only 3,8% of all immigrants are above the age of 65 and 5,7% are children below the age of 15.

Until the 1990s, the Icelandic population was very homogenous and a vast majority of immigrants came from the neighbouring Nordic countries. As late as 1996, 30% of all immigrants were from one of those countries. In 2008 this share had dropped to 7%. Now, a vast majority of immigrants come from Europe outside the Nordic countries (68% in 2008 compared to 40% in 1996). Immigrants from Poland are by far the most numerous immigrant group and now 35,9% of all immigrants in Iceland are born in Poland. They are now 9,082 compared with 347 in 1996 (6.5% of all immigrants). Other large immigrant groups are from the Philippines (1,252 in 2008 compared with 245 in 1996) and Lithuania (1,240 compared with only 12 in 1996). Little change has occurred in the number of immigrants from the Nordic countries. They were 1,618 in 1996 and 1,834 in 2008.

**Tafla 3. Íbúar eftir uppruna og kyni 1996–2008**Table 2. *Population by origin and sex 1996–2008*

	1996		
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
<b>Íbúar alls</b>	<b>267.809</b>	<b>134.224</b>	<b>133.585</b>
<b>Enginn erlendur bakgrunnur</b> <i>No foreign background</i>	<b>254.547</b>	<b>128.134</b>	<b>126.413</b>
Fædd/ur á Íslandi <i>Born in Iceland</i>	251.057	126.386	124.671
Fædd/ur erlendis, báðir foreldrar af íslenskum uppruna <i>Born abroad, both parents of Icelandic origin</i>	3.490	1.748	1.742
<b>Innflytjendur og afkomendur þeirra</b> <i>Immigrant population</i>	<b>5.702</b>	<b>2.188</b>	<b>3.514</b>
Innflytjandi <i>Immigrant</i>	5.357	2.024	3.333
Önnur kynslóð innflytjenda <i>Second generation immigrants</i>	345	164	181
<b>Annar erlendur bakgrunnur</b> <i>Other foreign background</i>	<b>7.560</b>	<b>3.902</b>	<b>3.658</b>
Fædd/ur á Íslandi, annað foreldri erlent <i>Born in Iceland, one parent born abroad</i>	5.507	2.879	2.628
Fædd/ur erlendis, annað foreldri erlent <i>Born abroad, one parent born abroad</i>	2.053	1.023	1.030
<b>Hlutfall</b> <i>Percent</i>			
<b>Enginn erlendur bakgrunnur</b> <i>No foreign background</i>	<b>95,0</b>	<b>95,5</b>	<b>94,6</b>
Fædd/ur á Íslandi <i>Born in Iceland</i>	93,7	94,2	93,3
Fædd/ur erlendis, báðir foreldrar af íslenskum uppruna <i>Born abroad, both parents of Icelandic origin</i>	1,3	1,3	1,3
<b>Innflytjendur og afkomendur þeirra</b> <i>Immigrant population</i>	<b>2,1</b>	<b>1,6</b>	<b>2,6</b>
Innflytjandi <i>Immigrant</i>	2,0	1,5	2,5
Önnur kynslóð innflytjenda <i>Second generation immigrants</i>	0,1	0,1	0,1
<b>Annar erlendur bakgrunnur</b> <i>Other foreign background</i>	<b>2,8</b>	<b>2,9</b>	<b>2,7</b>
Fædd/ur á Íslandi, annað foreldri erlent <i>Born in Iceland, one parent born abroad</i>	2,1	2,1	2,0
Fædd/ur erlendis, annað foreldri erlent <i>Born abroad, one parent born abroad</i>	0,8	0,8	0,8

2001			2006			2008		
Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
<b>283.361</b>	<b>141.870</b>	<b>141.491</b>	<b>299.891</b>	<b>151.202</b>	<b>148.689</b>	<b>313.376</b>	<b>159.488</b>	<b>153.888</b>
<b>263.323</b>	<b>132.474</b>	<b>130.849</b>	<b>270.591</b>	<b>136.195</b>	<b>134.396</b>	<b>273.910</b>	<b>137.946</b>	<b>135.964</b>
259.109	130.368	128.741	265.711	133.755	131.956	268.658	135.310	133.348
4.214	2.106	2.108	4.880	2.440	2.440	5.252	2.636	2.616
<b>10.616</b>	<b>4.588</b>	<b>6.028</b>	<b>17.806</b>	<b>9.118</b>	<b>8.688</b>	<b>26.823</b>	<b>15.039</b>	<b>11.784</b>
10.073	4.331	5.742	16.689	8.576	8.113	25.265	14.254	11.011
543	257	286	1.117	542	575	1.558	785	773
<b>9.422</b>	<b>4.808</b>	<b>4.614</b>	<b>11.494</b>	<b>5.889</b>	<b>5.605</b>	<b>12.643</b>	<b>6.503</b>	<b>6.140</b>
6.783	3.513	3.270	8.384	4.354	4.030	9.263	4.820	4.443
2.639	1.295	1.344	3.110	1.535	1.575	3.380	1.683	1.697
<b>92,9</b>	<b>93,4</b>	<b>92,5</b>	<b>90,2</b>	<b>90,1</b>	<b>90,4</b>	<b>87,4</b>	<b>86,5</b>	<b>88,4</b>
91,4	91,9	91,0	88,6	88,5	88,7	85,7	84,8	86,7
1,5	1,5	1,5	1,6	1,6	1,6	1,7	1,7	1,7
<b>3,7</b>	<b>3,2</b>	<b>4,3</b>	<b>5,9</b>	<b>6,0</b>	<b>5,8</b>	<b>8,6</b>	<b>9,4</b>	<b>7,7</b>
3,6	3,1	4,1	5,6	5,7	5,5	8,1	8,9	7,2
0,2	0,2	0,2	0,4	0,4	0,4	0,5	0,5	0,5
<b>3,3</b>	<b>3,4</b>	<b>3,3</b>	<b>3,8</b>	<b>3,9</b>	<b>3,8</b>	<b>4,0</b>	<b>4,1</b>	<b>4,0</b>
2,4	2,5	2,3	2,8	2,9	2,7	3,0	3,0	2,9
0,9	0,9	0,9	1,0	1,0	1,1	1,1	1,1	1,1

**Tafla 4. Innflytjendur eftir kyni og aldri 1996–2008**Table 4. *Immigrants by sex and age 1996–2008*

	1996			2001			2006			2008		
	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Males	Konur Females
<b>Alls Total</b>	<b>5.357</b>	<b>2.024</b>	<b>3.333</b>	<b>10.073</b>	<b>4.331</b>	<b>5.742</b>	<b>16.689</b>	<b>8.576</b>	<b>8.113</b>	<b>25.265</b>	<b>14.254</b>	<b>11.011</b>
0–4 ára years	41	19	22	113	52	61	117	58	59	278	145	133
5–9 ára years	87	46	41	208	98	110	362	178	184	515	250	265
10–14 ára years	92	43	49	237	117	120	491	244	247	644	318	326
15–19 ára years	212	68	144	370	139	231	555	255	300	704	337	367
20–24 ára years	537	175	362	1.382	539	843	1.467	642	825	2.591	1.288	1.303
25–29 ára years	762	247	515	1.682	774	908	2.712	1.273	1.439	4.421	2.400	2.021
30–34 ára years	721	278	443	1.502	683	819	2.615	1.428	1.187	4.087	2.408	1.679
35–39 ára years	607	242	365	1.162	515	647	2.178	1.200	978	3.248	1.956	1.292
40–44 ára years	502	244	258	945	404	541	1.757	983	774	2.632	1.593	1.039
45–49 ára years	386	189	197	650	312	338	1.503	884	619	2.241	1.422	819
50–54 ára years	302	134	168	503	244	259	1.026	595	431	1.592	1.042	550
55–59 ára years	277	96	181	315	141	174	663	389	274	920	554	366
60–64 ára years	198	64	134	292	111	181	363	170	193	438	230	208
65–69 ára years	222	63	159	203	66	137	302	119	183	313	132	181
70–74 ára years	172	44	128	204	51	153	192	59	133	240	74	166
75–79 ára years	103	36	67	157	41	116	181	47	134	166	53	113
80 ára og eldri and over	136	36	100	148	44	104	205	52	153	235	52	183

**Tafla 5. Annarrar kynslóðar innflytjendur eftir kyni og aldri 1996–2008**Table 5. *Second generation immigrants by sex and age 1996–2008*

	1996			2001			2006			2008		
	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Males	Konur Females
<b>Alls Total</b>	<b>345</b>	<b>164</b>	<b>181</b>	<b>543</b>	<b>257</b>	<b>286</b>	<b>1.117</b>	<b>542</b>	<b>575</b>	<b>1.558</b>	<b>785</b>	<b>773</b>
0–4 ára years	99	50	49	229	110	119	625	309	316	896	474	422
5–9 ára years	34	21	13	77	36	41	188	90	98	317	150	167
10–14 ára years	23	8	15	26	17	9	76	36	40	90	39	51
15–19 ára years	34	17	17	20	8	12	27	17	10	44	28	16
20–24 ára years	23	14	9	33	15	18	21	10	11	23	9	14
25–29 ára years	15	5	10	25	15	10	26	11	15	26	12	14
30–34 ára years	24	7	17	16	7	9	24	13	11	23	14	9
35–39 ára years	26	14	12	24	7	17	14	7	7	17	8	9
40–44 ára years	20	9	11	27	15	12	26	8	18	22	7	15
45–49 ára years	20	10	10	20	9	11	26	14	12	26	13	13
50–54 ára years	10	3	7	20	10	10	19	9	10	23	12	11
55–59 ára years	7	3	4	10	3	7	20	10	10	21	8	13
60–64 ára years	3	1	2	6	3	3	10	3	7	14	5	9
65–69 ára years	2	1	1	3	1	2	6	3	3	8	4	4
70–74 ára years	3	–	–	2	1	1	3	1	2	1	1	0
75–79 ára years	–	–	3	–	–	–	2	1	1	3	–	3
80 ára og eldri and over	2	1	1	5	–	5	4	–	4	4	1	3

**Tafla 6. Einstaklingar fæddir á Íslandi, annað foreldri erlent 1996–2008**Table 6. *Persons born in Iceland, one parent born abroad by age and sex 1996–2008*

	1996			2001			2006			2008		
	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Males	Konur Females
<b>Alls Total</b>	<b>5.507</b>	<b>2.879</b>	<b>2.628</b>	<b>6.783</b>	<b>3.513</b>	<b>3.270</b>	<b>8.384</b>	<b>4.354</b>	<b>4.030</b>	<b>9.263</b>	<b>4.820</b>	<b>4.443</b>
0–4 ára years	1.254	645	609	1.528	772	756	1.908	977	931	2.134	1.092	1.042
5–9 ára years	999	526	473	1.170	608	562	1.385	703	682	1.542	783	759
10–14 ára years	692	368	324	935	490	445	1.133	590	543	1.200	634	566
15–19 ára years	526	276	250	673	359	314	908	480	428	1.086	566	520
20–24 ára years	522	267	255	509	262	247	639	353	286	676	367	309
25–29 ára years	566	290	276	489	244	245	471	244	227	542	292	250
30–34 ára years	515	272	243	551	280	271	469	238	231	428	214	214
35–39 ára years	197	114	83	500	264	236	537	272	265	495	255	240
40–44 ára years	90	46	44	199	115	84	514	268	246	608	310	298
45–49 ára years	72	37	35	90	46	44	190	108	82	268	148	120
50–54 ára years	31	21	10	67	36	31	90	46	44	116	65	51
55–59 ára years	9	8	1	32	20	12	73	39	34	79	42	37
60–64 ára years	6	3	3	10	8	2	37	22	15	51	32	19
65–69 ára years	5	3	2	5	3	2	9	7	2	18	12	6
70–74 ára years	10	2	8	7	5	2	5	3	2	3	2	1
75–79 ára years	6	1	5	10	1	9	4	3	1	6	5	1
80 ára og eldri and older	7	–	7	8	–	8	12	1	11	11	1	10

**Tafla 7. Einstaklingar fæddir erlendis, annað foreldri erlent 1996–2008**Table 7. *Persons born abroad, one parent born abroad by age and sex 1996–2008*

	1996			2001			2006			2008		
	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Males	Konur Females
<b>Alls Total</b>	<b>2.053</b>	<b>1.023</b>	<b>1.030</b>	<b>2.639</b>	<b>1.295</b>	<b>1.344</b>	<b>3.110</b>	<b>1.535</b>	<b>1.575</b>	<b>3.380</b>	<b>1.683</b>	<b>1.697</b>
0–4 ára years	242	122	120	368	187	181	321	147	174	353	177	176
5–9 ára years	329	180	149	434	205	229	520	265	255	494	237	257
10–14 ára years	320	157	163	394	208	186	460	225	235	553	268	285
15–19 ára years	259	131	128	350	157	193	433	223	210	470	261	209
20–24 ára years	176	80	96	253	126	127	370	181	189	403	187	216
25–29 ára years	136	73	63	159	75	84	231	118	113	291	157	134
30–34 ára years	119	58	61	127	71	56	136	63	73	137	62	75
35–39 ára years	74	37	37	113	59	54	119	65	54	139	67	72
40–44 ára years	55	30	25	70	35	35	112	58	54	113	63	50
45–49 ára years	66	35	31	56	29	27	68	34	34	89	43	46
50–54 ára years	81	39	42	65	34	31	57	30	27	58	30	28
55–59 ára years	50	22	28	80	38	42	64	33	31	53	27	26
60–64 ára years	26	10	16	48	21	27	81	39	42	87	43	44
65–69 ára years	41	17	24	25	9	16	45	19	26	51	24	27
70–74 ára years	35	14	21	33	13	20	22	6	16	26	9	17
75–79 ára years	26	13	13	33	14	19	29	12	17	27	9	18
80 ára og eldri and older	18	5	13	31	14	17	42	17	25	36	19	17

**Tafla 8. Innflytjendur eftir fæðingarlandi 1996–2008<sup>1</sup>**Table 8. *Immigrants by country of birth 1996–2008<sup>1</sup>*

	1996	2001	2006	2008
<b>Alls Total</b>	<b>5.357</b>	<b>10.073</b>	<b>16.689</b>	<b>25.265</b>
<b>Norðurlönd Nordic countries</b>	<b>1.618</b>	<b>1.672</b>	<b>1.682</b>	<b>1.834</b>
Danmörk <i>Denmark</i>	761	751	705	752
Finland <i>Finland</i>	83	90	110	129
Færeyjar <i>Faroe Islands</i>	280	230	218	224
Grænland <i>Greenland</i>	21	29	38	39
Noregur <i>Norway</i>	280	303	298	293
Svíþjóð <i>Sweden</i>	193	269	313	397
<b>Evrópa utan Norðurlanda Europe outside the Nordic Countries</b>	<b>2.133</b>	<b>5.106</b>	<b>9.464</b>	<b>17.244</b>
Bretland <i>United Kingdom</i>	341	442	472	532
Litháen <i>Lithuania</i>	12	31	509	1.240
Portúgal <i>Portugal</i>	34	92	424	868
Pólland <i>Poland</i>	347	1.569	3.601	9.082
Ríki í fyrrum Júgóslavíu <i>Former Yugoslavian countries</i>	169	681	1.068	1.173
Þýskaland <i>Germany</i>	526	717	1.007	1.191
Önnur Evrópulönd <i>Other countries in Europe</i>	704	1.574	2.383	3.158
<b>Ameríka America</b>	<b>557</b>	<b>908</b>	<b>1.241</b>	<b>1.537</b>
Bandaríkin <i>United States</i>	379	486	594	679
Önnur lönd í Ameríku <i>Other countries in America</i>	178	422	647	858
<b>Afrika Africa</b>	<b>176</b>	<b>415</b>	<b>567</b>	<b>668</b>
<b>Asía Asia</b>	<b>814</b>	<b>1.907</b>	<b>3.635</b>	<b>3.860</b>
Filippseyjar <i>Philippines</i>	245	663	1.149	1.252
Kína <i>China</i>	91	182	667	475
Tailand <i>Thailand</i>	184	505	756	837
Önnur lönd í Asíu <i>Other countries in Asia</i>	294	557	1.063	1.296
<b>Eyjaálfa Oceania</b>	<b>59</b>	<b>64</b>	<b>96</b>	<b>116</b>
<b>Ótilgreint land Unspecified</b>	<b>–</b>	<b>1</b>	<b>4</b>	<b>6</b>

<sup>1</sup> Hér eru talin öll Norðurlöndin en utan þeirra einungis fæðingarlönd með 500 einstaklinga eða fleiri einhvert umræddra ára. *The table shows all Nordic countries. Other countries are only specified if population by country of birth exceeds 500 at any given date.*



**Hagtiðindi**   **Mannfjöldi**  
**Statistical Series**   **Population**

94. árgangur nr. 4

2009:1

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4479 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4487 (pdf)

Verð ISK 1300 *Price EUR 11*

Umsjón *Supervision* Ólöf Garðarsdóttir • [olof.gardarsdottir@hagstofa.is](mailto:olof.gardarsdottir@hagstofa.is)

Guðjón Hauksson • [gudjon.hauksson@hagstofa.is](mailto:gudjon.hauksson@hagstofa.is)

Helga Katrín Tryggvadóttir

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)